



3. formannafundur HSV 16. maí 2016, í fundarsal Próunarseturs í Vestrahúsi.

Mætt: Guðmundur Valdimarsson Skotíþróttafélag Ísafjarðar, Marinó Hákonarson Hending, Þorgerður Karlsdóttir Stefni, Jóhanna Oddsdóttir SFÍ, Kristinn Kristjánsson Golfklúbbi Ísafjarðar, Gísli Jón Hjaltason BÍ88, Harpa Grímsdóttir Skelli, Hjalti Karlsson Vestra. Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV, Pétur Markan gjaldkeri HSV og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

1. Kynnt efni sem lagt er fram á ársþingi HSV miðvikudaginn 18. maí
  - a. Ársreikningur HSV
  - b. Rekstraráætlun HSV 2016 og 2017
  - c. Tillögur að lagabreytingum
  - d. Aðrar tillögur
2. Önnur mál
  - a. Pappírslaust þing
  - b. Mannabreytingar í stjórn
  - c. Hreyfivika

1.a Ársreikningur HSV; Pétur Markan kynnti ársreikning sambandsins. Rekstur HSV kemur út í tapi árið 2015 upp á tæpar 2.4 milljónir. Launakostnaður vegur hátt í auknum útgjöldum ásamt húsnæðiskostnaði.

1.b. Rekstraráætlun fyrir árin 2016 og 2017 lögð fram. Framkvæmdastjóri HSV leggur fram rekstraráætlun fyrir 2016 og 2017. Til að rétta við hallarekstur sambandsins er launakostnaður minnkaður með því að minnka stöðu framkvæmdastjóra niður í 50% starf. Einnig leitað leiða til að minnka húsnæðiskostnað.

1.c Tillögur að lagabreytingum; Guðný fór yfir lagabreytingartillögur sem lagðar eru fram til þings. Annarsvegar tillaga frá stjórn HSV um breytingar á 5. grein laga HSV og hinsvegar tillaga frá Skelli/blakdeild Vestra einnig um breytingar á 5. grein laga HSV. Framkvæmdastjóri roa falið að afla upplýsinga frá ÍSÍ um vægi þessara lagabreytinga.

1.d Aðrar tillögur: formaður fór yfir aðrar tillögur sem liggja fyrir héraðsþingi.



2. Önnur mál:

a. pappírslaust þing. Stjórn HSV hefur ákveðið að í ár verði reynt að hafa ársþing sambandsins pappírslaust. Því verði ársskýrsla sambandsins ekki prentuð út og þingfulltrúar eru hvattir til að hafa með sér fartölvu eða snjalltæki.

b. Mannabreytingar í stjórn. Formaður tilkynnti að tveir úr stjórn ætluðu að hætta sem og tveir úr varastjórn. Formenn hvattir til að velta fyrir sér nýjum aðilum.

c. Hreyfivika. Hreyfivika UMFÍ verður haldin 23.-29. maí sem er breytt tímasetning frá því sem áður var en hún hefur verið haldin að hausti. Kynntir voru helstu viðburðir og félög hvött til að vera með viðburði.

Fundi slitið kl. 19.07